

Ákvörðun nr. 7/2025  
Föstudagurinn 28. febrúar 2025

## Samruni Jökla ehf., Heklu hf. og Stillingar hf.

- Þann 3. febrúar 2025 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Jökla ehf. (hér eftir „Jöklar“) á öllu hlutafé í Stillingu hf. (hér eftir „Stilling“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Frestur til að rannsaka samrunann byrjaði að líða þann 4. febrúar 2025. Með ákvörðun þessari dags. 28. febrúar lýkur samrunamálinu án íhlutunar.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Með samrunanum eignast Jöklar allt hlutafé í Stillingu og mun Stilling því verða undir yferráðum Jökla og hluti af samstæðu félagsins. Samkvæmt framangreindu fela kaupin í sér samruna í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
- Jöklar er eignarhaldsfélag en félagið á þrjú dótturfélög, Heklu hf. („Hekla“), Heklu fasteignir ehf. og Dekkjasöluna ehf.<sup>1</sup> Í samrunaskrá kemur fram að Hekla sé bílaumboð sem sé umboðsaðili á Íslandi fyrir Audi, Volkswagen, Skoda, GWM ORA og Mitsubishi. Auk þess selji Hekla notaða bíla bæði frá þessum vörumerkjum en einnig aðrar tegundir. Hekla þjónusti jafnframt framangreindar tegundir á verkstæði félagsins. Aðalstöðvar Heklu séu að Laugavegi 174 í Reykjavík og lager félagsins sé staðsettur að Tunguhálsi 8 og Kletthálsi 13, þar sem einnig séu seldir notaðir bílar samkvæmt samrunaskrá.
- Samkvæmt samrunaskrá flytur Stilling inn og selur almenna varahluti í ökutæki, aukahluti og ýmsar tengdar vörur fyrir bíla. olíur og efnavörur og verkfæri. Höfuðstöðvar félagsins séu að Kletthálsi 5, Reykjavík þar sem vöruhús og skrifstofur séu staðsettar. Þá reki félagið varahlutaverslanir á Bíldshöfða, Hafnarfirði, Selfossi og á Akureyri.
- Samrunaaðilar telja möguleg lárétt áhrif verði af samrunanum á markaði fyrir innflutning og sölu á almennum bílavarahlutum en óverulegur hluti af tekjum Heklu er vegna sölu almennra varahluta og því telja samrunaaðilar lárétt áhrif og samþjöppun vera hverfandi. Hekla flytji aðallega inn upprunalega varahluti fyrir þær tegundir bíla sem fyrirtækið flytji inn og selji, sem fyrirtækið nýti á eigin verkstæði og selji til þriðju aðila.
- Þá telja samrunaaðilar að möguleg lárétt áhrif verði vegna samrunans á markað fyrir sölu á olíum og efnavörum en að mati samrunaaðila leiðir samruninn til mjög takmarkaðra samþjöppunaráhrifa á þeim markaði. Samrunaaðilar séu samanlagt með undir 10% markaðshlutdeild.
- Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að samruninn muni ekki raska samkeppni eða hafa skaðleg áhrif á neytendur. Samruninn leiði hvorki til þess að markaðsráðandi staða styrkist

<sup>1</sup> Sjá hér: Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2024 Samruni Jökla ehf., Heklu hf. og Dekkjasölnnar ehf.



né myndist eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

8. Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri framkvæmd talið rök standa til þess að skilgreina mögulegan markað fyrir almenna varahluti (e. non-orginal equipment spare parts) og að „orginal“ varahlutir (e. orginal equipment spare parts) tilheyri sennilega ekki sama markaði og almennir varahlutir.<sup>2</sup> Hins vegar hefur Samkeppniseftirlitið ekki tekið endanlega afstöðu til þess og er ekki þörf á því heldur í þessu máli að taka formlega afstöðu markaðsskilgreininga þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu samrunamálsins. Varðandi markað fyrir sölu á olíum og efnavörum fyrir bílaverkstæði þá telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að véfengja markaðsskilgreiningu samrunaaðila né þarf að taka formlega afstöðu til hennar í ljósi takmarkaðar áhrifa samrunans á þeim markaði.
9. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, meðfylgjandi gagna og annarra aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Þá aflaði Samkeppniseftirlitið einnig sjónarmiða hjá markaðsaðilum. Einnig má hafa hliðsjón af umfjöllun samrunaaðila um markaðsskilgreiningar og samkeppnisleg áhrif samrunans. Bendir staða samrunaaðila á markaði fyrir innflutning og sölu á almennum bílavarahlutum ekki til þess að samruninn leiði til umtalsverðrar samþjöppunar eða skaðlegra láréttra samkeppnisáhrifa. Þá er staða samrunaaðila á mögulegum markaði fyrir sölu á olíum og efnavörum fyrir bílaverkstæði ekki slík að samruninn kunni að raska virkri samkeppni.
10. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og rannsókn Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Vegna framangreinds telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í máli þessu né ástæðu til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

#### Ákvörðunarorð:

**„Kaup Jökla ehf. á öllu hlutafé í Stillingu hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafst frekar að í þessu máli.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

---

<sup>2</sup> Sjá hér: Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2019 *Kaup Motormax ehf. á eignum og rekstrarfjárumum þrotabús Bílanausts ehf.*